



# ALLRA ÁTTA

Leiðbeiningar fyrir leitarvélavæn textaskrif



# Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Gátlisti um textaskrif .....	4
Texti á forsíðu .....	5
Almennar síður .....	6
Lendingarsíður .....	7
Myndir .....	8
Myndskeið ( Video ) .....	9
Texti fyrir ytri tengla .....	10
Bannlistinn .....	11

# Inngangur

Margir nota leitarvélar þegar leitað er að ákveðinni vöru eða þjónustu. Það skiptir því máli fyrir fyrirtæki að vera ofarlega í röðinni þegar leitað er með leitarvélum eins og Google. Í því sambandi skiptir hönnun og aðgengi vefsíða mestu máli.

Leiðbeiningarnar eru ætlaðar sem textaleiðbeiningar fyrir vefsíðugerð viðskiptavina og notast með leitarorðagreiningu Allra Átta. Listinn skiptist í þrjú hluta:

- Aðalleitarorð
- Mikilvæg jaðarorð (e. long tail)
- Önnur mikilvæg orð

## Aðalleitarorð

Aðalleitarorðin samstanda oft af 10-20 orðum sem mikilvæg eru fyrir fyrirtækið. Orðin eru valin eftir tíðni í leit viðskiptavina að vöru eða þjónustu.

## Mikilvæg jaðarorð

Mikilvæg jaðarorð eru orð sem líklegt er að viðskiptavinurinn leiti að þegar hann er í kauphugleiðingum. Oft hafa orðin ekki mikla tíðni samkvæmt leitarniðurstöðum en mikla viðskiptamöguleika.

## Önnur mikilvæg orð

Önnur mikilvæg orð eru orð sem notuð eru á sviði fyrirtækisins. Oft er um erlend orð að ræða sem mikil samkeppni er um. Erlenda orðið „golf“ fær t.d. 68 milljón leitarniðurstöður á mánuði sem gefur litlum fyrirtækjum á Íslandi ekki mikið forskot.

Í leiðbeiningunum hér á eftir er farið yfir skref fyrir skref hvernig best er að skrifa texta fyrir „leitarvélavænar“ vefsíður.

## Gátlisti um textaskrif

- Hafa leitarorðin í nefnifalli
- Nota leitarorð í veftré
- Hafa sem flest leitarorð á forsíðu, öll aðalleitarorðin
- Nota leitarorð í heiti vefsíða og í fyrirsagnir
- Passa að leitarorð komi bæði fram í texta og stikkorðalýsingu (e. keywords)

# Texti á forsíðu

## Almennt um forsíðuna

Forsíðan hefur mesta vægið hjá leitarvélunum og þar eiga mikilvægustu leitarorðin að vera. Mikilvægt er að „bestu“ leitarorðin á forsíðuna.

## Titill/title

Titill/title er textinn sem birtist efst í browser glugganum. Hann getur verið settur inn með vefumsjónarkerfi en ef það er ekki hægt, þá geta forritarar gert það. Titillinn á að innihalda nafn fyrirtækis, slagorð og viðeigandi leitarorð.

## Lýsing/description

Lýsing á fyrirtækinu er textinn sem birtist í niðurstöðum leitarvélar. Hann þarf að vera uppfullur af leitarorðum en jafnframt að lýsa ávinningnum sem næst með því að fara inn á síðuna. Lýsingin getur verið sett inn með vefumsjónarkerfi en ef það er ekki hægt, þá geta forritarar gert það.

## Stikkorð/keywords

Í stikkorðagluggann er öll mikilvægustu leitarorðin sett með kommu og bili á milli. Gæta þarf að því að **öll orðin** komi líka fyrir í texta á vefsvæðinu. Stikkorð geta verið sett inn með vefumsjónarkerfi en ef það er ekki hægt, þá geta forritarar gert það.

# Almennar síður / undirsíður

## Forsíða

Þegar forsíða er búin til og/eða lén valið er mikilvægt að nafnið sé lýsandi fyrir rekstur fyrirtækisins.

## Titill/title

Slóð síðunnar (url) skal innihalda leitarorðið. Dæmi um slóð á síðu hjá sælgætisfyrirtæki sem heitir nammi og á lénið nammi.is og þeir ætla sér að kynna súkkulaði á einni undirsíðu gæti litið svona út:

[www.nammi.is/sukkuladi](http://www.nammi.is/sukkuladi)

## Fyrirsagnir/header

Fyrirsagnir á síðum eiga að innihalda leitarorð úr leitarorðagreiningu. Best er að fyrirsagnir byrji á góðu leitarorði, að fyrirsagnir innihaldi leitarorð og að 2-5 fyrirsagnir séu á hverri undirsíðu. Fyrsta fyrirsögn á alltaf að vera merkt með H1 ( Heading ) og undirfyrirsagnir með H2 og H3. Þetta er mjög mikilvægt því Google gefur ( Headings, H1, H2 og H3 ) meira vægi. Þessi stilling er valin í ritlinum í vefumsjónarkerfinu en ef það er ekki hægt, þá geta forritarar gert það.

## Texti

Þegar textinn er skrifaður er gert ráð fyrir því að fjöldi orða sé á bilinu 50-300 á hverri undirsíðu. Þetta er þó ekki algilt og geta fræðslutextar og eða ítarlegir textar lengri. Fyrstu 25 orðin skipta mestu máli fyrir Google og þar eiga leitarorðin að vera í nefnifalli. Hvert leitarorð má koma fyrir nokkrum sinnum á undirsíðu en einnig má passa sig á að ofnota ekki sama orðið á hverri undirsíðu. Til viðmiðunar má áætla að í hverjum 100 orða texta séu um 5-10 leitarorð. Leitarorð skulu alltaf vera rituð í nefnifalli og á það sérstaklega við um íslenskan texta.

# Lendingarsíður

Í leitarorðalista Allra Átta eru oft tillögur að lendingarsíðum. Hver lengingarsíða er hönnuð fyrir eitt ákveðið leitarorð og gott er að textinn innihaldi líka nokkur aukaorð. Ef lendingarsíðan á að hvetja til sölu ( Kaupa / Panta / Bóka ) þá er mikilvægt að á henni séu vel hannaðir takkar (hnappar) sem vísa t.d. á rafrænt form. Samkvæmt rannsóknum (2010-2012) skiptir máli að HTA takkar séu í góðum litum og þar hefur Grænn reynst vel. Takkinn þarf að líta út eins og hnappur sem hægt er að smella á.

## Aðalleitarorð eiga að vera á eftirfarandi stöðum

- Í slóð síðunnar ( dæmi: [www.8.is/leitarvelabestun](http://www.8.is/leitarvelabestun))
- Í titli síðunnar ( title )
- Í stuttri lýsingu fyrir Google ( description )
- Í fyrirsögnum ( H1, H2, H3 )
- Framarlega í texta – í nefnifalli
- Í heitum á myndum
- Í lýsingu með myndum ( caption )
- Í „Alt tag“ sem er lýsing fyrir lestrarvél

## Dæmi um HTA eru

- Áberandi símanúmer „Texti“
- Pantaðu símtal „takki“
- Skráðu þig „takki“
- Senda tölvupóst „takki“
- Kaupa „takki“
- Skráning á póstlista „takki“

# Myndir

Æ algengara er að notendur leiti með myndaleit á Google. Því er mikilvægt að allar myndir á vefsíðu séu leitarvélavænar.

## Hvernig er best að leitarvélabesta myndir fyrir Google?

- Breyta nafni á mynd (t.d. leitarvelabestun.jpg)
- Setja inn lýsingu á mynd (Alt tag) en það er sá texti sem birtist í gulum kassa þegar músarbendillinn fer yfir myndina (athugið að þetta er eitthvað sem er yfirleitt hægt að gera með vefumsjónarkerfi.) Þetta er texti sem viðskiptavinir lesa en þeir eru einnig notaðir af blindum og sjónskertum.
- Æskilegt er að textinn á ákveðinni síðu tengist nafninu á myndinni.
- Ef myndin heitir „leitarvélabestun.jpg“ þá viljum við hafa orðið „leitarvélabestun“ í myndatexta ( caption )



# Myndskeið ( Video )

Myndskeið (eða video) eru gjarnan vistuð á YouTube og tengd inn á heimasíður. Þar er möguleiki á nokkrum stillingum.

## Titill/title

Stutt lýsing á myndbandinu þar sem notuð eru viðeigandi aðal- og jaðarleitarorð í réttum föllum.

## Lýsing/description

Góð lýsing á myndbandinu með öllum þeim leitarorðum sem eiga við. Hér má líka nota þau sem eru neðar í leitarorðalistanum

## Merki/tags

Hér eru skrifuð þau orð sem myndbandið á að finnast eftir, ca 5-10 stk. Hér er gott að nota þau orð sem eru ofarlega í leitarorðalistanum

# Texti fyrir ytri tengla

Til að komast ofar á leitarvélum er gott að aðrir trúverðugir eða vinsælir vefir vísi með „tengli“ á þína vefsíðu.

Dæmi um trúverðugar síður sem jákvætt er að vísi á þína síðu eru

- [www.ja.is](http://www.ja.is)
  - [www.mbl.is](http://www.mbl.is)
  - [www.visir.is](http://www.visir.is)
  - [www.pressan.is](http://www.pressan.is)
  - [www.facebook.com](http://www.facebook.com)
  - [www.youtube.com](http://www.youtube.com)
  - [www.flickr.com](http://www.flickr.com)
- + Ýmsar góðar íslenskar og erlendar blog síður

# Bannlistinn

Ekki nota texta sem afritaður er af annarri síðu. Google setur texta í skrársafn og Google sér að þú ert að nota sama texta á þinni vefsíðu og á annari, hann merktur sem „endurtekinn texti“ (e. duplicate content). Síðunni er þá gefið minna vægi, hún getur lækkað í leitarniðurstöðum eða hreinlega fallið út á ákveðnum orðum eða hluti af texta tekinn út.

Ekki nota ?. %, # og önnur tákni nema þau séu eðlilegur hluti af textanum. Alls ekki í url: ( Dæmi: [www.saelgæti.is/?sukkuladi##](http://www.saelgæti.is/?sukkuladi##) ) PETTA ER BANNAD !!!

Ekki setja inn hvítan texta á hvítum grunni eða texta sem er svo lítil að ekki er hægt að lesa hann.

Ekki nota tengla sem vísa út af síðunni nema það sé úthugsað.